

Ed.

500. Frumvarp til laga

[186. mál]

um Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

I. KAFLI

Tilgangur, námstími og réttindi.

1. gr.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands skal búa nemendur sína undir kennslu í hússtjórnarfræðum í barna- og framhaldsskólum og önnur hliðstæð störf, svo og undir framhaldsnám við búsýsluháskóla.

2. gr.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands er þriggja ára skóli, sem endar með húsmæðrakennaraprófi og veitir kennararéttindi, eins og segir í 1. gr., og samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Húsmæðrakennaraskólinn heldur námskeið fyrir starfandi kennara, þegar henta þykir og fé er fyrir hendi. Heimilt er að halda námskeið fyrir hjúkrunarnema og fóstrur, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er að starfrækja ráðskonudeild, þegar svo er ákveðið og aðstæður eru fyrir hendi. Ráðskonudeildin býr nemendur m. a. undir ráðskonustörf við heima- vistarskóla, sjúkrahús og aðrar opinberar stofnanir. Semja skal sérstaka reglugerð fyrir þessa deild, þar sem kveða má á um sérstök inntökuskilyrði, námsefni, réttindi o. fl.

3. gr.

Námstími Húsmæðrakennaraskóla Íslands skal vera 8—9 mánuðir ár hvert, auk 3½ mánaðar sumarnámskeiðs, þar sem aðaláherzlan er lögð á garðrækt.

II. KAFLI

Inntökuskilyrði, námsgreinar, próf.

4. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandinn hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið eða geri hann óhæfan til kennslustarfa.
2. að nemandinn sé óspilltur að siðferði.
Lágmarksaldur til inntöku skal ákveða í reglugerð.

5. gr.

Rétt til inngöngu í Húsmæðrakennaraskóla Íslands veitir:

1. Landspróf miðskóla með þeirri lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.
2. Fullgilt gagnfræðapróf með lágmarkseinkunn í nokkrum aðalgreinum, sem reglugerð ákveður, enda gangi gagnfræðingar undir viðbótarpróf í einstökum greinum, ef þörf krefur, svo að tryggt sé, að þeir hafi lokið námi, sem samsvavar námi til landsprófs miðskóla.

Æskilegt er, að nemendur hafi lokið námi í undirbúningsdeild sérnáms við Kennaraskóla Íslands, og skulu sett nánari ákvæði í reglugerð um slíka nemendur, ef þurfa þykir.

Til viðbótar þurfa umsækjendur að hafa lokið námi í fullgildum húsmæðra- skóla.

Nú sækja ekki nægilega margir um skólavist með þeirri undirbúningsmenntun, sem um getur í 1. og 2. tölulið, skal þá gefa umsækjendum kost á að þreyta inn-

tökupróf, hliðstætt landsprófi, í eftirtöldum greinum: íslenzku, reikningi, dönsku og eðlisfræði. Lágmarkseinkunn í einstökum greinum skal ákveðin í reglugerð.

6. gr.

Í Húsmæðrakennaraskóla Íslands skal kenna þessar námsgreinar:

- a) Íslenzku og íslenzkar bókmenntir, reikning.
- b) Sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, raddbeitingu og fram-sögn, háttvísi.
- c) Næringarefnafræði, vörubekkingu, fæðuefnareikning, lífræna efnafræði, mat-reiðslufræði, matargerð, tilraunamatreiðslu og sjúkramatreiðslu.
- d) Eðlisfræði, efnafræði, gerlafræði, líffærafræði, lífeðlisfræði, grasafræði, garð-yrkju.
- e) Ræstingu, þvott, hreinsun, veftafræði (textílfraeði) og meðferð líns og fatnaðar, þvottafræði, áhaldafraeði, vinnuhagfræði og hífýlafraeði.
- f) Heimilishagfræði, almenna hagfræði, félagsfræði, fjölskyldufræði, heilsufræði og meðferð ungbarna, hjálp í viðlögum, hjúkrun í heimahúsum.
- g) Bókasafnsfræði, töfluskript.

Heimilt er að fjölga eða fækka námsgreinum, að fengnu samþykki menntamála-ráðuneytis.

7. gr.

Stefnt skal að því, að kennsluæfingar fari fram í sérstökum æfingastofum í skólanum sjálfum. Skytt er gagnfræðastigsskólum þeim, sem menntamálaráðu-neyti ákveður, að fengnum tillögum skólastjóra Húsmæðrakennaraskóla Íslands, að taka við nemendum skólans til æfingakennslu. Skólastjóri Húsmæðrakennara-skóla Íslands skal hafa samráð um þetta við skólastjóra viðkomandi skóla. Þóknun fyrir æfingakennslu, sem fer fram utan skólans, skal ákveðin af ráðuneyti.

8. gr.

Heimilt er skólastjóra að ákveða skyndipróf í einstökum greinum hvenær sem er á námstímanum. Kennarar skulu gefa vetrareinkunn hver í sinni grein, og gildir hún til jafns við prófeinkunn, þegar reiknuð er út aðaleinkunn. Í reglugerð skal ákveða nánar prófgreinar, próftíma, lágmarkseinkunnir, skiptingu fullnaðarprófs á námstímabil og annað, er að prófum lýtur.

9. gr.

Við fullnaðarpróf í hverri grein skulu prófdómendur skipaðir af menntamála-ráðuneyti, að fengnum tillögum skólastjóra.

III. KAFLI

Skólastjórn og kennarar.

10. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með yfirstjórn skólans. Fimm manna skólanefnd, kosin til fjögurra ára í senn, skal þannig skipuð: Kennarafélagið Hússtjórn tilnefnir tvo fulltrúa, Kvenfélagasamband Íslands tilnefnir tvo, en menntamálaráðuneyti skipar formann.

Skólastjóri boðar til kennarafunda, svo oft sem þörf krefur eða meiri hluti fastra kennara óskar þess. Kennarafundur skal vera ráðgefandi í meiri háttar mál-um, er varða skólastarfið.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum, er þar um gilda.

Menntamálaráðuneyti skipar skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar. Það skipar einnig kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Ráðu-neyti skipar yfirkennara, ef þurfa þykir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

11. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

12. gr.

Þá eina má setja skólastjóra og kennara við Húsmæðrakennaraskóla Íslands, sem hafa lokið fullnaðarprófi frá honum eða hafa kennarapróf frá hliðstæðum kennaraskólum erlendum. Þeir kennarar, sem stundað hafa framhaldsnám í húsmæðrafræðslu, sitji að öðru jöfnu fyrir um stöður við skólann. Vinna ber að því að fá að skólanum kennara með kandidatsprófi frá Norræna búsysluháskólanum eða sambærilegum háskólum. Til þess að fá skipun í stöðu við skólann þurfa kennarar til viðbótar húsmæðrakennaraprófi að hafa stundað framhaldsnám, sem menntamálaráðuneyti metur gilt á hverjum tíma.

Skólastjóri ræður sérfræðinga til stundakennslu.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður Húsmæðrakennaraskóla Íslands greiðist úr ríkissjóði. Menntamálaráðuneyti setur reglugerð um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Menntamálaráðuneyti setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

15. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn V. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1947, um menntun kennara, enn fremur þau atriði í VII. kafla þeirra laga, svo og önnur ákvæði í lögum, sem koma í bága við þessi lög.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 8. maí 1962 skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til þess að semja nýja reglugerð fyrir Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Vigdís Jónsdóttir, skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, var skipuð formaður nefndarinnar, en með henni í nefndina voru skipuð Halldóra Eggertsdóttir, námsstjóri húsmæðrafræðslu, og Knútur Hallsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu.

Núgildandi reglugerð er nr. 47 frá 11. maí 1942, en um skólann gilda lög um menntun kennara nr. 16 frá 12. marz 1947, en VI. kafli þeirra laga fjallar um húsmæðrakennaraskóla.

Nefndin hafði nokkra hrifð starfað, er hún komst að raun um, að eigi mundi unnt að semja skólanum viðhlítandi reglugerð, nema lögnum um skólann yrði breytt og þau endursamin í veigamiklum atriðum. Ráðherra féllst á þessa skoðun nefndarinnar, og hinn 25. marz 1963 fól hann nefndinni að semja frumvarp til nýrra laga um skólann.

Nefndin hefur kynnt sér fyrirkomulag húsmæðrakennaramenntunar á Norðurlöndum, enda telur hún, að þangað sé helzt að sækja fyrirmyndir, sem eru við okkar hæfi. Húsmæðrakennaramenntun á Íslandi hefur ávallt verið svipuð húsmæðra-

kennaramenntun á Norðurlöndum. Inntökuskilyrði, fjöldi námsgreina og náms-
tími hefur verið mjög áþekktur. Árið 1960 voru í Danmörku samþykkt ný lög um
menntun húsmæðrakennara og námið lengt í þrjú ár. Það sama var gert í Svíþjóð
1961. Í Noregi og Finnlandi er enn verið að vinna að breytingum á námsskránni,
en útlit er fyrir, að ekki verði minni kröfur gerðar til húsmæðrakennaranámsins
þar en í Danmörku og Svíþjóð. Við samning þessa frumvarps hafa lög og reglu-
gerðir um húsmæðrakennaramenntun í Danmörku og Svíþjóð aðallega verið hafðar
til hliðsjónar.

Fyrstu ákveðnu tillögurnar um húsmæðrakennaraskóla á Íslandi komu frá
nefnd, er skipuð var af Búnaðarfélagi Íslands árið 1927 til þess að gera tillögur um
framtiðarskipulag húsmæðrafræðslunnar í landinu. Í nefndinni voru Guðrún J.
Briem, Ragnhildur Pétursdóttir og Sigurður Sigurðsson, fyrrverandi búnaðarmála-
stjóri. Kvenfélagasamband Íslands lét og málið til sín taka og stóð að samning frum-
varps til laga um stofnun húsmæðrakennaraskóla árið 1935. Þetta frumvarp var
flutt á Alþingi, en náði ekki fram að ganga. Árið 1937 gekkst Helga Sigurðardóttir
fyrir stofnun Kennarafélagsins Hússtjórn. Stofnendur voru 9 konur, sem gengið
höfðu á erlenda húsmæðrakennaraskóla. Eitt af aðalstefnumálum félagsins var að
koma á fót húsmæðrakennaraskóla. Á fundi félagsins í febrúar 1941 voru þær Helga
Sigurðardóttir, Ólöf Jónsdóttir og Soffía J. Claessen kosnar til þess að gera uppkast
að reglugerð fyrir húsmæðrakennaraskóla. Kennarafélagið Hússtjórn sendi síðan
Alþingi reglugerðaruppkastið ásamt kostnaðaráætlun um rekstur og stofnkostnað
með áskorun um að veita þá þegar fé til stofnunar húsmæðrakennaraskóla. Varð
Alþingi við þessari áskorun, enda var málið orðið þá mjög aðkallandi, því að heims-
styrjöldin lokaði leiðum til Norðurlanda, en þangað höfðu húsmæðrakennarar sótt
menntun sína. Var sýnt, að skortur á húsmæðrakennurum mundi brátt há starfsemi
húsmæðraskólanna og skólaeldhúsanna, ef ekkert væri að gert.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands tók til starfa hinn 6. október 1942 samkvæmt
heimild í l. nr. 65 frá 27. júní 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, og lögum
nr. 60 frá 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, og áður nefndri reglugerð
nr. 47/1942, fyrir Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Fyrsti skólastjóri skólans var
Helga heitin Sigurðardóttir, en frá árinu 1961 hefur Vigdís Jónsdóttir, áður skóla-
stjóri Húsmæðraskólans að Varmalandi í Borgarfirði, verið skólastjóri hans. Skólinn
var fyrst til húsa í kjallara háskólabyggingarinnar. Á árunum 1956—58 starfaði
skólinn ekki sökum skorts á hæfu húsnæði, en frá því árið 1958 hefur hann verið
til húsa í fyrrverandi rektorsbústað Menntaskólans í Reykjavík að Háuhlíð 9.
Skólinn starfar annað hvort sumar að Laugarvatni. Fyrsti formaður skólanefndar
skólans var Ólöf Jónsdóttir, húsmæðrakennari, en frá árinu 1950 hefur Karítas Sig-
urðsson, húsrú, verið formaður hennar. Auk skólastjóra starfa nú við skólann
2 fastakennarar og 7 stundakennarar. Skólinn hefur frá því hann tók til starfa út-
skrifað 118 nemendur, en skólaárið 1964—65 eru nemendurnir 13.

Meginbreytingar þær frá gildandi lagaákvæðum, sem frumvarp þetta felur í
sér, eru:

- 1) Starfstími skólans er lengdur úr tveimur og hálfu ári í þrjú og hálf ári.
- 2) Inntökuskilyrðum í skólann er breytt með hliðsjón af nógildandi inntökuskilyrð-
um í Kennaraskóla Íslands.
- 3) Námsgreinum hefur verið fjölgað.
- 4) Í frv. eru ýmis fyllri ákvæði um skólann og skólastarfið en eru í nógildandi
lögum, og mun nánar að því vikið í aths. við einstakar greinar frumvarpsins.
Fræðslumálastjóri og skólanefnd skólans hafa fjallað um efni frumvarps þessa.

Athugasemdir við einstakar greinar:

Um 1. gr.

Höfuðhlutverk Húsmæðrakennaraskólans hefur verið og verður áfram að mennta
og brautskrá húsmæðrakennara til kennslustarfa í barna- og gagnfræðaskólum, hús-

mæðraskólum og öðrum framhaldsskólum, svo og að búa nemendur sína undir skyld störf, svo sem leiðbeinenda- og ráðunautastörf hjá félagasamböndum og öðrum aðilum, er láta sig skipulagða húsmæðrafræðslu skipta að nokkru marki.

Það er nýmæli í greininni, að skólanum er ætlað að búa nemendur sína undir framhaldsnám í búsluháskólum, sbr. aths. við 2. gr., svo og að sjálfsgöðu undir nám við aðra skóla, er veita framhaldsnám í hússtjórnarfræðum.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari gr. verður skólinn þriggja og hálfis árs skóli, en samkvæmt nógildandi lögum er námstíminn tvö og hálf t. Er m. a. talið nauðsynlegt að lengja skólanámið til samræmis við námstímalengd húsmæðrakennaraskóla á Norðurlöndum, einkum til þess að auðvelda ísl. húsmæðrakennurum aðgang að Norræna búsluháskólanum, sem nýlega hefur verið stofnaður.

Þá er og talið nauðsynlegt að lengja námstímann til samræmis við þá breytingu, að nú er eigi krafizt almenns kennaraprófs til inngöngu í skólann, en almennu kennaranámi er lokið eftir fjögurra ára nám. Stöðugt eru gerðar auknar kröfur til aukinnar menntunar kennara. Námsefni Húsmæðrakennaraskóla Íslands hefur svo að segja aukizt ár frá ári, þótt reglugerðin hafi verið óbreytt. Reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegt námsefni í húsmæðrakennaraskóla er svo yfirgripsmikið, að náminu verður ekki með góðu móti lokið á tveimur og hálfu ári.

Ákvæði um heimild til að halda námskeið fyrir starfandi kennara og fóstrur er óbreytt frá nógildandi lögum að efni til, en heimild til námskeiða fyrir hjúkrunarnema er nýmæli. Í framkvæmdinni hefur þessu verið þannig háttað, að matreiðslu- námskeið hafa verið haldin fyrir hjúkrunarnema, en ekki fóstrur.

Í nógildandi lögum er eitt af markmiðum skólans talið það að búa nemendur undir ráðskonustörf við heimavistaraskóla og aðrar hliðstæðar stofnanir. Í reyndinni hefur ráðskonudeild aldrei starfað við skólann. Þótti því raunhæfara í þessu frv., að ákvæði um rekstur ráðskonudeildar væri heimildarákvæði, og verði sett sérstök reglugerð um þessa deild.

Í nógildandi lögum segir, að námstími húsmæðraskólakennara skuli vera tvö ár hið minnsta, en gagnfræðastigskennara og ráðskvænna eitt ár. Í reyndinni hefur nám bæði húsmæðraskólakennara og hússtjórnarkennara gagnfræðastigs verið tvö ár.

Um 3. gr.

Árlegur starfstími þarf að vera langur til þess, að hægt sé að koma af hinu umfangsmikla námsefni. Þess ber og að gæta, að mörg húsmóðurstörf eru árstíðabundin, svo að nauðsynlegt er, að skólinn starfi mikinn hluta árs.

Í nógildandi lögum segir, að skólinn skuli hafa aðstöðu til þess búreksturs, sem nauðsynlegur sé vegna námsins. Í framkvæmd hefur þessu ákvæði verið fullnægt þannig, að skólinn hefur starfað annað hvort sumar að Laugarvatni í húsakynnum Húsmæðraskóla Suðurlands.

Á Laugarvatni kynnast nemendur stjórn og starfi heimavistaraskóla, læra garðyrkju, nýtingu grænmetis og búsafurða o. fl. Þykir nauðsynlegt, að haldið verði áfram þessum þætti í starfsemi skólans.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að ekki þótti rétt að lögbinda lágmarksaldur, en í nógildandi lögum er hann 21 ár. Landspróf miðskóla að viðbættu húsmæðraskólanámi veitir skv. frv. rétt til inngöngu í Húsmæðrakennarskólann, en landsprófi er almennt lokið um 16 ára aldur.

Um 5. gr.

Í nógildandi lögum eru hin sérstöku inntökuskilyrði í skólann þau, að nemendur hafi lokið almennu kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að dómi fræðslu-

málastjórnar. Enn fremur skulu þeir hafa stundað fjögurra mánaða nám í húsmæðraskóla og unnið að minnsta kosti 12 mánuði samtals að heimilisstörfum í kaupstað eða sveit. Í framkvæmd hefur skilyrðinu um almennt kennarapróf sjaldnast verið fylgt, þótt lagaheimild til undanþágu skorti. Hefur nauðsyn brotið lög, þar sem ekki hefur verið kostur nægra umsækjenda með almennum kennaraprófi.

Varðandi inntökuskilyrðin ber núgildandi lögum og reglugerð ekki saman. Ekki þótti fært að gera það að inntökuskilyrði, að nemendur hefðu unnið um tíma við heimilisstörf.

Í frv. er gert ráð fyrir sömu inntökuskilyrðum í Húsmæðrakennaraskólann og í hina almennu kennaradeild Kennaraskóla Íslands. Ströng skilyrði eru sett fyrir undanþágum frá þessu ákvæði.

Í l. nr. 23/1963, um Kennaraskóla Íslands, er gert ráð fyrir, að „undirbúningsdeild sérnáms“ starfi við þann skóla, „tveggja ára nám, sem býr nemendur undir kennaranám í sérgreinum, svo sem handavinnu, íþróttum, tónlist, teikningu, húsmæðrafræðslu og önnur uppeldisstörf, hvort heldur sérnámið fer fram í Kennaraskólanum eða annars staðar.“ Nefndin kannaði vandlega, hvort unnt væri á þessu stigi að krefjast þess af umsækjendum um skólavist, að þeir hefðu lokið námi frá þessari undirbúningsdeild. Að athuguðu máli var það talið ókleift að sinni. Inntökuskilyrði í undirbúningsdeildina eru í aðalatriðum þau sömu og í Húsmæðrakennaraskólann. Þegar frá er talið landspróf eða fullgilt gagnfræðapróf, er skv. þessu frv. krafizt húsmæðraskólanáms af nemendum Húsmæðrakennaraskólans, en fullgildir húsmæðraskólar starfa nú 8—9 mánuði eins og velflestir aðrir skólar, auk hins eiginlega þriggja og hálfis árs náms í skólanum sjálfum. Ef við þetta bættist tveggja ára nám í undirbúningsdeild, yrði námstími húsmæðrakennaranema rúmum tveim árum lengri en almennra kennaranema, og veitir þó próf hinna fyrrnefndu takmarkaðri réttindi. Auk þess hefur komið í ljós í viðræðum nefndarinnar við skólastjóra Kennaraskólans, dr. Brodda Jóhannesson, að undirbúningsdeildin er enn á tilraunastigi og óráðið, hvernig námsefni og öðru fyrirkomulagi hennar verði háttað. Kostir deildarinnar virðast fræðilega einkum vera þeir, að sérgreinakennarar mundu væntanlega öðlast þar allvandlegan almennan undirbúning undir kennarastörf og réttindi til að kenna nokkru fleiri námsgreinar en sérgrein sína eina, en bæði mundi slíkt auka möguleika á tilbreytingu í starfi og fullnægja betur kennarþörf ýmissa skóla í dreifbýli. Nefndin treystir sér ekki til að mæla með, að nám í undirbúningsdeildinni verði gert að skilyrði fyrir inngöngu í skólann, en með því að ákveða í frv., að heimilt skuli vera í reglugerð að setja nánari ákvæði um þetta efni, er haldið opinni leið til þess að tengja skólann og undirbúningsdeildina með einhverjum hætti, eftir því sem fært kann að þykja.

Um 6. gr.

Nokkuð hefur verið vikið frá því námsefni, sem upp er talið í reglugerð skólans, og því breytt í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur þau 22 ár, sem skólinn hefur starfað samkvæmt henni. Við upptalningu námsgreina í frv. eru taldar þær námsgreinar, sem gert er ráð fyrir, að kenndar verði í þriggja og hálfis árs skóla. Heimild er í frumvarpinu til þess að fjölga eða fækka námsgreinum.

Til viðbótar þeim námsgreinum, sem nú eru kenndar, þykir nauðsynlegt að bæta við eftirfarandi. Kennslufræði bóklegri, raddbeitingu og framsögu, bókasafnsfræði, tilraunamatreiðslu, gerlafræði, lífeðlisfræði, veftafræði (textílfraði), almennri hagfræði, félagsfræði, fjölskyldufræði, töfluskript. Þar að auki er gert ráð fyrir að auka kennslu, frá því sem nú er, í nokkrum af þeim námsgreinum, er kenndar hafa verið.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Samkvæmt frv. skal skólanefnd skipuð á sama hátt og áður, að öðru leyti en því, að skólanefndarmönnum er fjölgað úr þremur í fimm. Skólanefnd er einkum ætlað að vera skólastjóra til trausts og halds og ráðuneytis og þykir því heppilegt að fjölga nefndarmönnum lítillega.

Markað er starfssvið kennarafunda. Þykir eðlilegt, að stjórn skólans sé á ábyrgð skólastjóra, en kennarafundur sé einungis ráðgefandi í meiri háttar málum.

Hagkvæmt þykir, að heimilt verði að skipa einn af fastakennurum skólans yfirkennara, er geti verið staðgengill skólastjórans og honum til aðstoðar við skólastjórn. Þykir það hagfelldara en að fastir kennarar skuli verða yfirkennarar, er þeir hafa kennt í 16 ár, eins og ákveðið er í lögum um menntaskóla og Kennaraskólann. Hugsa mætti sér, að yfirkennari væri t. d. einum launaflokki hærrí en aðrir fastir kennarar.

Um 11. gr.

Þetta er sams konar ákvæði og í lögum um Kennaraskólann.

Um 12. gr.

Í lögum nr. 16/1947, um menntun kennara, eru þessi skilyrði sett fyrir skipun í skólastjóra- og kennarastöðu við Húsmæðrakennaraskóla Íslands: almenn kennaramenntun eða stúdentsmenntun að viðbættu háskólanámi í uppeldis- og kennslufræðum, sem fræðslumálastjórn metur gilda, og að hafa kennt tvö til þrjú ár og hlotið meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra.

Fram að þessu hefur ekki verið um að ræða neitt framhaldsnám í sérgreinum fyrir húsmæðrakennara, að undanskildum 6 mánaða námskeiðum við Árórsarháskóla. Húsmæðrakennaranám í Bandaríkjunum er það ólíkt okkar námi, að vafasamt er, hvort hægt sé að telja, að þar geti verið um að ræða framhaldsmenntun fyrir húsmæðrakennara aðra en þá, sem stundað hafa nám sitt vestra. Með stofnun Norræna búsluháskólans breytist þetta viðhorf algerlega.

Í þessari frumvarpsgrein er stefnt að því að tryggja skólanum kennslulið, er hafi til að bera hagnýta undirbúningsmenntun og beztu sérmenntun undir starf við húsmæðrakennaraskóla, sem kostur er.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.